

Nd.

330. Frumvarp til laga

[127. mál]

um sölu á steinolíu, hráolíu, benzíni og smurningsolíu.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Steinolíu, hráolíu, benzín og smurningsolíu skal selja eftir vigt eða um mæli.

2. gr.

Á hverju íláti, sem inniheldur steinolíu, hráolíu, benzín eða spurningsolíu, skal vera merkt:

- a. nafn firma þess, félags eða einstaks manns, er vöruna selur;
- b. nafn tegundarinnar, sem ílátið inniheldur;
- c. þyngd ílátsins með innihaldi (brúttóvigti);
- d. þyngd innihaldsins (nettóvigti);
- e. tala (númer) ílátsins.

Þessi ákvæði ná þó eigi til smásölu, þótt seljandi leggi til ílát eða selji þau með vörunni.

3. gr.

Hverjum sölureikningi skal fylgja sundurliðun yfir hvert ílát, þar sem tilgreint er:

- a. tala (númer) ílátsins;
- b. nafn tegundar;
- c. þyngd ílátsins með innihaldi;
- d. þyngd ílátsins (sjálfs);
- e. þyngd innihaldsins.

4. gr.

Löggildingarstofan löggildir mæla samkv. 1. gr. og hefur eftirlit með þeim, og er sala um mæla óheimil nema löggilding hafi áður farið fram. Nánari ákvæði um framkvæmd löggildingar og eftirlits skal setja með reglugerð.

5. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 500 til 10000 kr., er renna í ríkissjóð.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla jafnframt úr gildi lög nr. 55 3. nóvember 1915, um sölu á steinolíu, benzíni og áburðarolíu.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir ósk atvinnumálaráðherra með nokkrum breytingum frá nefndinni, og fylgdu því svo hljóðandi athugasemdir:

„Í 1. gr. laga nr. 55 3. nóvember 1915 er svo ákveðið, að steinolíu, benzín og áburðarolíu skuli selja eftir vigti. Nú er hins vegar svo komið, að hentugast er að selja þessa vöru og aðrar olíur um mæli. Hafa tvö oliufélaganna farið þess á leit, að lögnum verði breytt í samræmi við það. Frumvarp þetta er því samhljóða téð-um lögum, nr. 55 frá 1915, nema hvað ákveðið er í 1. gr., að þar taldar vörur skuli seldar eftir vigti eða um mæli, og hráolía er talin með öðrum olíum. Þá er og tekið upp í frumvarpið orðið smurningsolía í stað áburðarolía, sem nú er hætt að nota, en gæti valdið misskilningi. — Sektarákvæðin í 4. gr. (nú í 5. gr.) eru hækkuð.“